

Ed.

593. Breytingartillaga

við frv. til laga um styrk til vatnsveitna.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná einnig til vatnsveitufélaga, sem eftir árið 1942 hafa gert eða gera vatnsveitur fyrir hluta úr sveitarfélögum, án þess að sveitarfélag sé eigandi veitunnar, enda mæli hlutaðeigandi sveitarsjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til vatnsveitufélagsins.